



Dags. 2.11.2020

Heilbrigðisráðuneytið

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra

Ásta Valdimarsdóttir, ráðuneytisstjóri

Hrönn Óttósdóttir, skrifstofustjóri

Efni: Reglugerð nr 1052/2020, um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1364/2019 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfa sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Félag sjúkráþjálfa mótmælir harðlega breytingum á reglum um endurgreiðslur sem gerðar voru í reglugerð nr 1052/2020 frá því sem áður var. Eins og segir í pósti til félagsins frá skrifstofustjóra, dags. 30.10.2020: “Breytingin felur í sér að sett verða skilyrði fyrir endurgreiðslu SÍ um að fyrir liggja skrifleg beiðni frá lækni eða sjúkráþjálfa á heilsugæslustöð þar sem fram kæmi sjúkdómsgreining.”

Um margra ára skeið hefur sjúkratryggðum gefist kostur á að fá meðferð hjá sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfurum í 6 skipti með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) án þess að fyrir liggja tilvísun frá lækni. Fagleg og ígrunduð ákvörðun um þetta var á sínum tíma tekin í samráði milli SÍ, sjúkráþjálfa, heilsugæslunnar og ráðuneytis.

Skv. upplýsingum frá SÍ er það talsvert stór hópur sjúkratryggðra sem þarf einungis örfá meðferðarskipti sjúkráþjálfa til að fá lausn sinna heilbrigðisvandamála og hátt í 10% allra meðferða falla undir skilgreininguna “bráðameðferð”, þ.e. meðferð án þess að tilvísun liggja fyrir. Það var því talinn allra hagr, sér í lagi skjólstæðinganna og heilsugæslunnar, að fólk þyrfti ekki að auka álag á heilsugæslunni eða öðrum læknum til þess eins að fá tilvísun í sjúkráþjalfun, þegar ljóst var að það er sá meðferðaraðili sem er viðeigandi, sbr. rétt þjónusta á réttum stað.

Þetta fyrirkomulag hefur nú verið við lýði til margra ára og gefist vel að allra mati.

Nú ber svo við að þetta ákvæði reglugerðar er tekið af án nokkurrar skýringar eða röksemdafærslu. Engin fagleg rök liggja hér til grundvallar og það er alvarlegt að mati sjúkráþjálfa að ráðuneytið gangi gegn faglegu og ígrunduðu verklagi með þessu móti. Skv. reglugerðarbreytingunni er þó enn gefinn kostur á endurgreiðslu ef skjólstæðingar leita til sjúkráþjálfa sem starfa skv. samningi við SÍ, sem best sýnir að hér ráða ekki faglegar ástæður.

Þessi ráðstöfun skapar mismunun milli sjúkratryggðra. Mismunun í garð þeirra sem ekki geta beiðið eftir tilvísun, mismunun í garð þeirra sem ekki ráða við fulla greiðslu í bráðatilvikum, mismunun í garð skjólstæðinga á landsbyggðinni, þar sem getur verið afar seinlegt að fá tíma hjá lækni.



Sér í lagi telja sjúkráþjálfarar það með ólíkindum að þessi breyting sé gerð á sama tíma og heilsugæslan er við þolmörk vegna álags sökum heimsfaraldurs.

Félag sjúkráþjálfara fer hér með fram á að fá skýringar og rök fyrir þessari breytingu. Er meðal annars óskað eftir svörum við eftirfarandi:

- Hver er ástæðan fyrir breytingunni? Fór fram eitthvert faglegt mat eða annað sem réttlætir að breyta fyrirvaralaust því fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði til margra ára og gengið vel.
- Var metið hvort röksemdir fyrir breytingunn (séu þær til staðar) væru þyngrí á metum en gagnstæð rök, þ.e. aukinn kostnaður og álag í kerfinu (einkum óþarfa viðbótarálag á heilsugæsluna)?

Einnig förum við fram á að þessa breyting sé tekin til baka og reglugerð breytt til fyrra horfs er varðar endurgreiðslur.

Félag sjúkráþjálfara er reiðubúið að funda með ráðherra til að ræða þessa breytingu og stöðu samningamála sjúkráþjálfara við Sí.

Virðingarfyllt

Unnur Pétursdóttir

Formaður Félags sjúkráþjálfara

Netfang: unnur@physio.is

Gsm: 698-7915

Cc:

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðis

Velferðarnefnd Alþingis